LISTIR

Tré í myndum Veronicu

FINNSKA listakonan Veronica Österman opnar málverkasýningu í Listhúsi Ófeigs kl. 16 í dag, laugardag.

Veronica er atvinnulistakona, fædd 1. maí árið 1965 í Helsinki. Hún hóf listnám sitt við Frjálsa listaskólann þar á árunum 1983 til 1986 og stundaði síðan framhaldsnám við Listaakademíuna í München um tveggja ára skeið. Þá nam hún við finnsku Listaakademíuna og loks var hún við nám árin 1990 og 1991 við Massana-listaakademíuna í Barcelona.

Veronica er kunn í heimalandi sínu og hefur haldið margar sýningar frá árinu 1985. Verk hennar er að finna víðsvegar í opinberum söfnum, meðal annars í borgarlistasafninu í München, í borgarlistasafni Helsinkiborgar og í finnska ríkislistasafninu.

Lengst af hefur Veronica málað borgarlandslag: Götumyndir, veggi, nýbyggingar og hafnarsvæði. Verk hennar eru í senn hlutlæg og afstrakt og virðast því oft draumkennd. Á þessari sýningu bregður þó nýstárlegum mótífum fyrir. Nú má í fyrsta sinn að sjá tré í myndum Veronicu.

Sýningin stendur til 4. júní og er opin virka daga kl. 10–18 og laugardaga 11–16.



Verk eftir Gunnar Ingiberg Guðjónsson.

„Carol skoðar sýninguna“

GUNNAR Ingibergur Guðjónsson opnar sýningu í Undirheimum, Álafosskvos, í dag kl. 15. Sýninguna heldur hann í tilefni af 60 ára afmæli sínu í fyrra og nefnir hana Carol skoðar sýninguna.

Gunnar hefur verið virkur í málaralist síðustu 30 árin. Hann hefur haldið fjölmargar sýningar hér heima og erlendis. Hann hefur starfað mikið erlendis, ma. á Spáni, Hollandi, Svíþjóð, Grænlandi, Dóminíska lýðveldinu og á eyjunni Bel Isle í Bretagne.

Málverkin eru fígúratíf, landslagsmyndir og sjávarmyndir. Myndefnið sækir hann oft vestur á Snæfellsnes. Flest verkin eru olía á striga.

Einnig málar Gunnar portrett af konum, þar á meðal Carol sem skoðar sýninguna. Á sýningunni bregður fyrir nýlegum verkum, unnum 2000-2003 en einnig nokkrum eldri til að fagna löngum málaraferli.

Sýningin stendur til 17. júní, lokað um Hvítasunnuhelgina, annars opið fimmtudaga og föstudaga kl. 15-18, laugardaga og sunnudaga kl. 13-17.

Á MORGUN

Vorhátíð LHÍ, Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús kl. 13 Hvað er í blýhólknum? – leikrit eftir Svövu Jakobsdóttur. Leiklestur leiklistarnema á íslenskum leikverkum. Leiðsögn um sýninguna Fókusinn kl. 15–16.
Port Hafnarhússins kl. 16 Tískusýning – verkefni nemenda fyrsta og annars árs í textíl og fatahönnun.
Nemendaleikhúsið Smiðjunni, Sölvhólsgötu 13 kl. 20 Tvö hús.

Höggmyndir Arnar á Kjarvalsstöðum

SÝNING á verkum Arnar Þorsteinssonar myndhöggvara er önnur tveggja sýninga sem opnaðar verða í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum, kl. 16 í dag, laugardag. Í tilkynningu frá safninu segir m.a.: „Segja má að Örn Þorsteinsson (f. 1948) sé myndhöggvari í hinni upphaflegu merkingu þess orðs. Hann heggur listaverk úr steinum náttúrunnar og leysir með því úr læðingi formið sem leynist innan í efninu. Verk sín vinnur Örn að mestu úr sæbörðum grjótsteinum sem hann hefur nálgast úr fjörum Skagafjarðar en verkin mótar hann í því umhverfi sem þau eru sprottin úr, á bryggju við Reykjavík.“

Sýning Arnar teygir sig um ganga Kjarvalsstaða og umhverfis húsið. Þar getur að líta fjölda höggmynda, stórra og smárra, sem taka á sig ýmis form í líki furðudýra og ævintýravera.

Einnig verður opuð yfirlitssýning á rússneskum ljósmyndum. Sýningin er síðari hluti samstarfsverkefnis Listasafns Reykjavíkur og Ljósmyndasafns Moskvu (Moscow House of Photography) en á liðnum vetri var haldin sýning á íslenskum ljósmyndum í Moskvu.



Ljósmynd/ GVA

Kjarvalsstaðir eru opnir daglega kl. 10–17. Sýningarnar standa til 15. júní. Aðgangur er ókeypis á mánudögum. Leiðsögn um sýningar Kjarvalsstaða er alla sunnudaga kl. 15.

20 Stjúpur 999 kr.
hreinir litir - Fullt verð 1.700 kr.



Trjáplöntur - verðhrun

Blágreni
75 - 125 sm
2.990 kr.



Rússalerki
75 - 125 sm
899 kr.



Birki
75 - 125 sm
495 kr.



STJÚPUTILBOÐ



Úrvals gróðurmold
10 ltr 249 kr.
50 ltr 899 kr.

blómaval
HEILLANDI HEIMUR
Reykjavík • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS BLO 21140 05/2003